

FMS 2023-28  
ISBN 978-9935-522-31-3



**Ferðamálastofa**  
Icelandic Tourist Board

# VIÐHORF ÍBÚA TIL SKEMMTIFERÐASKIPA- OG FARÞEGA: Niðurstöður könnunar í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði

**DESEMBER 2023**

**Eyrún Jenný Bjarnadóttir**



**RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA**

© Ferðamálastofa 2023

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri  
Netfang: [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)  
Veffang: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)  
Titill: VIÐHORF ÍBÚA TIL SKEMMTIFERÐASKIPA- OG FARÞEGA:  
Niðurstöður könnunar í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði  
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir  
Númer: FMS 2023-28  
ISBN: 978-9935-522-31-3

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## EFNISYFIRLIT

Töflu- og myndaskrá .....	2
Inngangur .....	3
Aðferðir og framkvæmd .....	4
Niðurstöður í Reykjavík .....	5
Niðurstöður á Akureyri .....	6
Niðurstöður á Ísafirði .....	7
Samanburður milli hafnarsamfélaga .....	8
Lokaorð .....	10
Viðaukar .....	11
Töfluskra viðauka .....	11
Viðauki 1: Spurningalisti könnunarinnar .....	12
Viðauki 2: Niðurstöður könnunar í Reykjavík: Bakgrunnsgreining .....	13
Viðauki 3: Niðurstöður könnunar á Akureyri: Bakgrunnsgreining .....	17
Viðauki 4: Niðurstöður könnunar á Ísafirði: Bakgrunnsgreining .....	21
Viðauki 5: Samanburður milli hafnarsamfélaga - töflur .....	25

## TÖFLU- OG MYNDASKRÁ

Tafla 1: Svarendur könnunarinnar.....	4
Mynd 1: Skemmtiferðaskip í Reykjavík sumarið 2023.....	3
Mynd 2: Niðurstöður í Reykjavík með svarhlutföllum og meðaltölum .....	5
Mynd 3: Niðurstöður á Akureyri með svarhlutföllum og meðaltölum.....	6
Mynd 4: Niðurstöður á Ísafirði með svarhlutföllum og meðaltölum .....	7
Mynd 5: Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum .....	8
Mynd 6: Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa .....	8
Mynd 7: Ég tel skemmtiferðaskip efnahagslega mikilvæg fyrir mína heimabyggð .....	8
Mynd 8: Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi.....	8
Mynd 9: Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa .....	9
Mynd 10: Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn.....	9
Mynd 11: Ég hef áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipum í minni heimabyggð .....	9
Mynd 12: Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð .....	9

## INNGANGUR

Ferðamálastofa fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa- og farþega sem búa við þrjár stærstu móttökuhafnir skemmtiferðaskipa á Íslandi þ.e. í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði.

Könnunin er hluti af könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu, sem skilgreind er í [rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2023-2025](#). Um er að ræða sérstaka viðbótarkönnun sem hefur að markmiði að fá innsýn í viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa- og farþega þeirra við þrjár stærstu móttökuhafnir skemmtiferðaskipa hér á landi og hvort munur sé á viðhorfum íbúa milli hafnarsamfélaganna. Slík könnun hefur ekki verið gerð áður. Könnunin var lögð fyrir úrtak íbúa á Akureyri, Ísafirði og í Reykjavík gegnum síma haustið 2023.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir aðferðum, framkvæmd og niðurstöðum könnunarinnar. Annars vegar er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar á hverjum stað fyrir sig, fyrst Reykjavík, síðan Akureyri og loks Ísafirði. Hins vegar er gerð grein fyrir samanburði niðurstaðna milli staðanna. Niðurstöður eru settar fram í texta, myndum og töflum.

Verkefnastjórn, greining og skýrsluvinna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Umsjón með framkvæmd símakönnunar og úrvinnslu hrágagna hafði Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Samantektinni fylgja tíðnitöflur og bakgrunnsgreining fyrir allar spurningar könnunarinnar.

Mynd 1: Skemmtiferðaskip í Reykjavík sumarið 2023



## Aðferðir og framkvæmd

Könnunin var gerð samtímis á Akureyri, Ísafirði og í Reykjavík á tímabilinu 23. október til 6. nóvember 2023. Tekið var lagskipt úrtak íbúa á þéttbýlisstöðunum þremur og var miðað að því að ná að lágmarki 320-370 svörum á hverjum stað. Í heildina var hringt í 2163 einstaklinga og svöruðu 1014 könnuninni (47% svarhlutfall). Á Akureyri var hringt í 758 og svöruðu 369 (49% svarhlutfall). Á Ísafirði svöruðu 323 könnuninni af þeim 651 sem hringt var í (50% svarhlutfall). Í Reykjavík var hringt í 754 og svöruðu 322. Svarhlutfall í Reykjavík var 43% sem er nokkuð lægra en á hinum stöðunum. Við nánari skoðun á gögnum í Reykjavík kom í ljós að metnun hafði verið náð og þótti því ekki ástæða til að taka viðbótarúrtak til að hækka svarhlutfall.

Í spurningalistanum voru átta spurningar um viðhorf til skemmtiferðaskipa- og farþega í heimabyggð svarenda (viðauki 1) að viðbættum spurningum um bakgrunn. Spurningarnar, sem voru unnar í samstarfi Ferðamálastofu og sérfræðinga RMF, höfðu fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur tóku afstöðu til. Gögnin voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja spurningu og marktektarpróf gerð sem meta hvort tölfræðilega marktækur munur sé á hlutföllum mismunandi hópa (sjá viðauka 2-4). Kannað var hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum íbúa eftir búsetu (þ.e. milli þéttbýlisstaðanna þriggja) og hvort munur væri á svörum mismunandi hópa innan hvers staðar (viðauki 5). Kannað var hvort munur væri á svörum íbúa eftir kyni, aldri, menntun, stöðu á vinnumarkaði<sup>1</sup> og hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu. Í samantektinni er sérstaklega tekið fram ef munur sem fannst á svörum reyndist marktækur miðað við 99,9% öryggismörk með tilliti til þessara bakgrunnspáttu. Í töflu 1 má sjá úrtak og bakgrunn svarenda á þéttbýlisstöðunum þremur.

Tafla 1: Svarendur könnunarinnar

	Fjöldi (hlutfall)		
	Akureyri (n = 369)	Ísafjörður (n = 323)	Reykjavík (n = 322)
<i>Kyn</i>			
Karl	184 (49,9%)	172 (53,3%)	140 (43,5%)
Kona	185 (50,1%)	151 (46,7%)	182 (56,5%)
<i>Aldur</i>			
18-29 ára	29 (7,9%)	18 (5,6%)	20 (6,2%)
30-44 ára	75 (20,3%)	68 (21,1%)	83 (25,8%)
45-59 ára	108 (29,3%)	89 (27,6%)	82 (25,5%)
≥60 ára	157 (42,5%)	148 (45,8%)	137 (42,5%)
<i>Menntun</i>			
Grunnsk.nám eða minna	75 (20,7%)	65 (20,6%)	32 (10,2%)
Stúdentspr. eða iðnnám	125 (34,4%)	107 (34,0%)	72 (22,9%)
Annað starfsnám	33 (9,1%)	37 (11,7%)	25 (8,0%)
Háskólapróf	130 (35,8%)	106 (33,7%)	185 (58,9%)
<i>Staða á vinnumarkaði</i>			
Í launuðu starfi	189 (51,5%)	169 (52,3%)	175 (54,9%)
Sjálfst. starfandi/atvinnur	66 (18,0%)	65 (20,1%)	43 (13,5%)
Á eftirlaunum	79 (21,5%)	71 (22,0%)	74 (23,2%)
Annað	33 (9,0%)	18 (5,6%)	27 (8,5%)
<i>Starfar í ferðaþjónustu</i>			
Já	36 (9,8%)	38 (11,8%)	35 (10,9%)
Nei	333 (90,2%)	285 (88,2%)	286 (89,1%)

<sup>1</sup> Við greiningu á bakgrunnþættinum *Stöðu á vinnumarkaði* voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir.

## NIÐURSTÖÐUR Í REYKJAVÍK


Í Reykjavík voru flestir svarendur könnunarinnar á því að borgin ráði almennt vel við að þjónusta farþega af skemmtiferðaskipum og að hafnaryfirvöld ráði vel við að taka á móti skipunum. Reykvíkingar voru þó síður en íbúar á Akureyri og á Ísafirði á því að skipin væru efnahagslega mikilvæg fyrir borgina. Meirihluti svarenda í borginni (58%) taldi farþega skipanna eyða almennt litlu í landi.

Aðeins um einn af hverjum fjórum (25%) svarendum í Reykjavík taldi íbúa í borginni verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa, sem var nokkuð minna en á hinum stöðunum tveimur. Jafnframt var hlutfall svarenda sem kvaðst forðast ákveðna staði í heimabyggðinni þegar skip eru í höfn lægst í Reykjavík (19%).

Í Reykjavík sögðust þrír af hverjum fjórum (75%) svarendum hafa áhyggjur af mengun. Þá voru tveir af hverjum þremur (66%) svarendum mótfallnir því að fá fleiri skemmtiferðaskip í borgina.

Lítill munur reyndist vera á svörum mismunandi hópa í Reykjavík. Helst mátti greina mun á svörum einstaklinga eftir menntunarstigi varðandi áhyggjur af mengun. Þannig voru langskólagengnir einstaklingar líklegri en aðrir til að hafa áhyggjur af mengun frá skipunum í Reykjavík.

Mynd 2: Niðurstöður í Reykjavík með svarhlutföllum og meðaltölum





## NIÐURSTÖÐUR Á AKUREYRI


Um sex af hverjum tíu svarendum á Akureyri voru þeirrar skoðunar að skemmtiferðaskip væru efnahagslega mikilvæg fyrir bæinn. Meirihluti svarenda (72%) taldi hafnaryfirvöld ráða almennt vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum og að heimabyggðin ráði vel við að þjónusta farþegana. Aftur á móti töldu þrír af hverjum fjórum svarendum að farþegar skipanna eyði almennt litlu í landi.

Um þriðjungur (34%) svarenda var á því að aðrir íbúar í bænum yrðu fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa en flestir (49%) voru þó á því að skipin valdi íbúum ekki ónæði. Þá voru flestir (58%) svarenda ekki á því að þeir forðuðust ákveðna staði í heimabyggðinni þegar skip væru í höfn.

Áhyggjur af mengun frá skipunum voru áberandi á Akureyri þar sem þrír af hverjum fjórum (76%) svarendum sögðust hafa áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipunum og jafn margir vildu ekki fá fleiri skemmtiferðaskip til Akureyrar.

Lítill munur var á svörum mismunandi hópa á Akureyri og mátti helst greina mun á svörum karla og kvenna varðandi móttöku skemmtiferðaskipa. Þannig voru karlar marktækt líklegri en konur til að telja hafnaryfirvöld ráða vel við að taka á móti skipunum í bæinn.

Mynd 3: Niðurstöður á Akureyri með svarhlutföllum og meðaltölum




## NIÐURSTÖÐUR Á ÍSAFIRÐI

Um sjö af hverjum tíu Ísfirðingum voru á því að hafnaryfirvöld í bænum ráði vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum og átta af hverjum tíu voru sannfærðir um efnahagslegt mikilvægi skipanna fyrir bæinn. Heldur færri, eða tæplega helmingur (49%) svarenda á Ísafirði, voru á því að heimabyggðin ráði almennt vel við að þjónusta farþega. Hins vegar vildu þrír af hverjum fjórum (77%) svarendum ekki fá fleiri skemmtiferðaskip í bæinn. Rúmlega helmingur (57%) taldi eyðslu farþega skipanna almennt vera litla í landi. Jafnhátt hlutfall svarenda (57%) kvaðst hafa áhyggjur af mengun frá skipunum en um 30% sögðust ekki hafa slíkar áhyggjur. Munur var á svörum kynjanna og voru konur líklegri en karlar til að hafa áhyggjur.

Skiptar skoðanir voru meðal Ísfirskra svarenda á því hvort aðrir íbúar í bænum yrðu fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa. Ívið fleiri (49%) töldu íbúa verða fyrir ónæði en þeir sem voru ósammála (34%).

Ísfirðingar skiptust í tvo hópa eftir því hvort þeir sögðust forðast ákveðna staði í bænum þegar skip væru í höfn. Marktækur munur var á svörum íbúa á Ísafirði eftir aldri og stöðu á vinnumarkaði. Svarendur 60 ára og eldri og eftirlaunaþegar voru síður en aðrir hópar á því að Ísfirðingar verði fyrir ónæði og forðuðust síður staði í bænum þegar skip eru í höfn. Fólk á aldrinum 18-29 ára og 30-44 ára var líklegast til að forðast staði í bænum þegar skip eru í höfn.


Mynd 4: Niðurstöður á Ísafirði með svarhlutföllum og meðaltölum




## SAMANBURÐUR MILLI HAFNARSAMFÉLAGA

Á öllum stöðunum þremur var meirihluti svarenda á því að hafnaryfirvöld réðu vel við að taka á móti skemmtiferðaskipunum en íbúa höfðu skiptari skoðanir á því hversu vel heimabyggðin réði við að þjónusta farþegana. Þannig voru Ísafirðingar marktækt síður á því að heimabyggðin réði vel við að þjónusta skipafarþega en íbúar á Akureyri og í Reykjavík.

Mynd 5: Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum




Mynd 6: Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa




Efnahagslegt mikilvægi skemmtiferðaskipanna fyrir heimabyggðina var áberandi í svörum Ísafirðinga en í Reykjavík voru svarendur síður en aðrir á því að skipin væru efnahagslega mikilvæg. Þá áleit meirihluti svarenda skemmtiferðaskipafarþega almennt eyða litlu í landi og var enginn marktækur munur á svörum milli staðanna.

Mynd 7: Ég tel skemmtiferðaskip efnahagslega mikilvæg fyrir mína heimabyggð




Mynd 8: Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi




Meirihluti svarenda á Akureyri og í Reykjavík taldi ekki að íbúar yrðu fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa. Þá voru flestir Reykvíkingar ekki á því að þeir létu komur skemmtiferðaskipa hafa áhrif á ferðir þeirra um bæinn. Hlutfall íbúa sem kvaðst forðast ákveðna staði í heimabyggðinni var hærra á Akureyri og Ísafirði en í Reykjavík. Hins vegar skar Ísafjörður sig frá hinum stöðunum fyrir hæst hlutfall svarenda, sem var á því að íbúar í bænum yrðu fyrir ónæði vegna skipanna og kvaðst forðast ákveðna staði í bænum þegar skipin eru í höfn.

Mynd 9: Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa




Mynd 10: Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn




Um 76% svarenda á Akureyri og í Reykjavík kvaðust hafa áhyggjur af mengun frá skipunum. Hlutfall Ísfirðinga sem hafði áhyggjur af mengun var talsvert lægra, eða 57%. Ísfirðingar virðast því síður hafa áhyggjur af mengun en hinir.

Ljóst var að meirihluti svarenda á öllum stöðunum var mótfallinn fleiri skipum. Hlutfall Reykvíkinga sem var mótfallinn fleiri skipum var þó nokkuð lægra en á Akureyri og í Reykjavík en reyndist sá munur þó ekki marktækur miðað við 99,9% öryggismörk.

Mynd 11: Ég hef áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipum í minni heimabyggð



Mynd 12: Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð



## LOKAORÐ

Niðurstöður könnunarinnar veita innsýn í viðhorf íbúa til koma skemmtiferðaskipa og farþega þeirra á þremur stærstu móttökustöðum skemmtiferðaskipa á Íslandi. Heilt yfir telja svarendur að hafnaryfirvöld í þeirra heimabyggð ráði almennt vel við móttöku skemmtiferðaskipa. Í Reykjavík og á Akureyri voru svarendur frekar á því að heimabyggðin ráði vel við að þjónusta farþega skipanna heldur en íbúar á Ísafirði. Efnahagslegt mikilvægi skemmtiferðaskipa fyrir heimabyggðina var meira áberandi í svörum Ísfirðinga en á hinum stöðunum tveimur. Aftur á móti töldu svarendur að farþegar skipanna eyði almennt litlu í landi. Lítil munur var á svörum mismunandi hópa innan hvers svæðis.

Meirihluti svarenda á Akureyri og í Reykjavík var ekki á því að íbúar yrðu fyrir ónæði vegna skemmtiferðaskipa og léti komur þeirra ekki hafa áhrif á ferðir sínar. Munur var á svörum Ísfirðinga þar sem hlutfall svarenda, sem taldi annars vegar að íbúar í bænum yrðu fyrir ónæði vegna skipanna og hins vegar að íbúar forðist ákveðna staði í bænum þegar skipin væru í höfn, var marktækt hærra en á Akureyri og í Reykjavík.

Um þrír af hverjum fjórum svarendum í Reykjavík og á Akureyri sögðust hafa áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipunum. Hlutfall Ísfirðinga sem höfðu áhyggjur af mengun var marktækt lægra en á hinum stöðunum. Hins vegar er ljóst að alls staðar var afgerandi meirihluti mótfallinn fjölgun skemmtiferðaskipa.

## VIÐAUKAR

### Töfluskra viðauka

Tafla 2: Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum (RVK).....	13
Tafla 3: Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa (RVK) .....	13
Tafla 4: Ég hef áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipum í minni heimabyggð (RVK) .....	14
Tafla 5: Ég tel skemmtiferðaskip efnahagslega mikilvæg fyrir mína heimabyggð (RVK) .....	14
Tafla 6: Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa (RVK).....	15
Tafla 7: Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn (RVK) .....	15
Tafla 8: Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi (RVK).....	16
Tafla 9: Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð (RVK).....	16
Tafla 10: Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum (AEY) .....	17
Tafla 11: Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa (AEY).....	17
Tafla 12: Ég hef áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipum í minni heimabyggð (AEY) .....	18
Tafla 13: Ég tel skemmtiferðaskip efnahagslega mikilvæg fyrir mína heimabyggð (AEY) .....	18
Tafla 14: Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa (AEY) .....	19
Tafla 15: Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn (AEY).....	19
Tafla 16: Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi (AEY).....	20
Tafla 17: Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð (AEY) .....	20

Tafla 18: Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum (ÍFJ).....	21
Tafla 19: Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa (ÍFJ) .....	21
Tafla 20: Ég hef áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipum í minni heimabyggð (ÍFJ) .....	22
Tafla 21: Ég tel skemmtiferðaskip efnahagslega mikilvæg fyrir mína heimabyggð (ÍFJ) .....	22
Tafla 22: Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa (ÍFJ).....	23
Tafla 23: Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn (ÍFJ) .....	23
Tafla 24: Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi (ÍFJ) .....	24
Tafla 25: Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð (ÍFJ) .....	24
Tafla 26: Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum .....	25
Tafla 27: Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa .....	25
Tafla 28: Ég hef áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipum í minni heimabyggð.....	25
Tafla 29: Ég tel skemmtiferðaskip efnahagslega mikilvæg fyrir mína heimabyggð .....	25
Tafla 30: Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa .....	25
Tafla 31: Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn.....	25
Tafla 32: Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi.....	26
Tafla 33: Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð.....	26

## Viðauki 1: Spurningalisti könnunarinnar

Svarmöguleikar við hverja spurningu: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

1. Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum.
2. Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa.
3. Ég hef áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipum í minni heimabyggð.
4. Ég tel skemmtiferðaskip efnahagslega mikilvæg fyrir mína heimabyggð.
5. Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa.
6. Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn.
7. Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi
8. Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð.

### Grunnbreytur:

9. Starfar þú við ferðaþjónustu?
  - a. Já
  - b. Nei
10. Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum?
  - a. Já, allt árið
  - b. Já, hluta úr ári
  - c. Nei

98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

11. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?
  - a. Grunnskólanám eða minna (t.d. *grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf*)
  - b. Stúdentspróf eða iðnnám
  - c. Annað starfsnám
  - d. Háskólapróf

98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
12. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
  - a. Í launuðu starfi
  - b. Sjálfstætt starfandi
  - c. Atvinnurekandi
  - d. Í námi
  - e. Á eftirlaunum
  - f. Öryrki
  - g. Atvinnuleitandi
  - h. Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi
  - i. Heimavinnandi
  - j. Annað

98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

### Fást með úrtaki úr þjóðskrá:

13. Kyn
  - a. Karl
  - b. Kona
  - c. Kynsegin
  - d. Annað
14. Aldur (fæðingarár)
15. Póstnúmer

## Viðauki 2: Niðurstöður könnunar í Reykjavík: Bakgrunnsgreining

Tafla 2: Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum (RVK)

Bakgrunnsgreining	Fjöldi	Mjög	Frekar	Frekar	Mjög	Fjöldi	Meðaltal
		ósammála	ósammála	Hvorki né	sammála		
		%	%	%	%	N	
Kyn **	Karl	4,0%	10,5%	10,5%	56,5%	124	3,8
	Kona	6,1%	21,6%	16,2%	39,9%	148	3,4
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	12,5%	18,8%	62,5%	16	3,6
	30 - 44 ára	3,1%	17,2%	20,3%	40,6%	64	3,5
	45 - 59 ára	2,9%	15,7%	11,4%	51,4%	70	3,7
	60 ára og eldri	8,2%	17,2%	10,7%	46,7%	122	3,5
Menntun	Grunnskólanám eða minna	3,6%	7,1%	14,3%	53,6%	28	3,8
	Stúdentspróf eða iðnnám	6,3%	20,3%	10,9%	48,4%	64	3,4
	Annað starfsnám	4,5%	22,7%	4,5%	50,0%	22	3,5
	Háskólapróf	5,3%	15,9%	16,6%	45,7%	151	3,5
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	3,4%	12,2%	16,3%	51,7%	147	3,7
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	5,7%	14,3%	5,7%	60,0%	35	3,6
	Á eftirlaunum	10,8%	23,1%	9,2%	38,5%	65	3,3
	Annað	0,0%	26,1%	21,7%	30,4%	23	3,5
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	15,4%	11,5%	7,7%	34,6%	26	3,5
	Nei	4,1%	17,1%	14,2%	48,8%	246	3,6

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tíðnitafla	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	14	4,3%	5,1%
Frekar ósammála	45	14,0%	16,5%
Hvorki né	37	11,5%	13,6%
Frekar sammála	129	40,1%	47,4%
Mjög sammála	47	14,6%	17,3%
Gild svör	272	84,5%	100,0%
Gildir svarendur	272	84,5%	
Veit ekki	46	14,3%	
Vil ekki svara	3	0,9%	
Svöruðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	322	100,0%	

Tafla 3: Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa (RVK)

Bakgrunnsgreining	Fjöldi	Mjög	Frekar	Frekar	Mjög	Fjöldi	Meðaltal
		ósammála	ósammála	Hvorki né	sammála		
		%	%	%	%	N	
Kyn	Karl	2,8%	12,9%	12,9%	52,8%	128	3,8
	Kona	2,5%	16,5%	13,3%	48,7%	158	3,7
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	25,0%	6,3%	56,3%	16	3,6
	30 - 44 ára	2,7%	11,0%	15,1%	49,3%	73	3,8
	45 - 59 ára	4,0%	16,0%	16,0%	48,0%	75	3,6
	60 ára og eldri	2,5%	10,7%	10,7%	57,4%	122	3,8
Menntun	Grunnskólanám eða minna	3,2%	3,2%	19,4%	51,6%	31	3,9
	Stúdentspróf eða iðnnám	3,1%	12,3%	16,9%	52,3%	65	3,6
	Annað starfsnám	0,0%	15,0%	15,0%	50,0%	20	3,8
	Háskólapróf	3,0%	14,5%	10,3%	53,9%	165	3,7
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	3,1%	11,9%	14,5%	51,6%	159	3,7
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	5,4%	5,4%	13,5%	62,2%	37	3,7
	Á eftirlaunum	1,5%	13,8%	9,2%	55,4%	65	3,8
	Annað	0,0%	26,1%	13,0%	43,5%	23	3,5
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	9,7%	9,7%	9,7%	48,4%	31	3,6
	Nei	2,0%	13,3%	13,3%	53,3%	255	3,7

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tíðnitafla	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	8	2,5%	2,8%
Frekar ósammála	37	11,5%	12,9%
Hvorki né	37	11,5%	12,9%
Frekar sammála	151	46,9%	52,8%
Mjög sammála	53	16,5%	18,5%
Gild svör	286	88,8%	100,0%
Gildir svarendur	286	88,8%	
Veit ekki	34	10,6%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svöruðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	322	100,0%	



Tafla 4: Ég hef áhyggjur af mengun frá skemmtiferðaskipum í minni heimabyggð (RVK)

Bakgrunnsgreining		Mjög ósammála %	Frekar ósammála %	Hvorki né %	Frekar sammála %	Mjög sammála %	Fjöldi N	Meðaltal
	Fjöldi	5,1%	12,4%	7,0%	23,2%	52,4%	315	4,1
Kyn *	Karl	6,6%	13,9%	9,5%	24,8%	45,3%	137	3,9
	Kona	3,9%	11,2%	5,1%	21,9%	57,9%	178	4,2
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	11,1%	22,2%	27,8%	38,9%	18	3,9
	30 - 44 ára	7,4%	12,3%	7,4%	21,0%	51,9%	81	4,0
	45 - 59 ára	6,3%	11,3%	6,3%	20,0%	56,3%	80	4,1
	60 ára og eldri	3,7%	13,2%	5,1%	25,7%	52,2%	136	4,1
Menntun ***	Grunnskólanám eða minna	16,1%	29,0%	6,5%	9,7%	38,7%	31	3,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	8,6%	12,9%	7,1%	30,0%	41,4%	70	3,8
	Annað starfsnám	0,0%	16,0%	8,0%	28,0%	48,0%	25	4,1
	Háskólapróf	2,7%	9,3%	6,6%	22,4%	59,0%	183	4,3
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	5,8%	11,6%	8,7%	22,7%	51,2%	172	4,0
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	4,8%	16,7%	4,8%	21,4%	52,4%	42	4,0
	Á eftirlaunum	5,4%	10,8%	4,1%	25,7%	54,1%	74	4,1
	Annað	0,0%	15,4%	7,7%	23,1%	53,8%	26	4,2
Starfar þú við ferðabjónustu? **	Já	11,8%	20,6%	8,8%	29,4%	29,4%	34	3,4
	Nei	4,3%	11,4%	6,8%	22,4%	55,2%	281	4,1

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	16	5,0%	5,1%
Frekar ósammála	39	12,1%	12,4%
Hvorki né	22	6,8%	7,0%
Frekar sammála	73	22,7%	23,2%
Mjög sammála	165	51,2%	52,4%
Gild svör	315	97,8%	100,0%
Gildir svarendur	315	97,8%	
Veit ekki	5	1,6%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	2	0,6%	
Heildarfjöldi	322	100,0%	

Tafla 5: Ég tel skemmtiferðaskip efnahagslega mikilvæg fyrir mína heimabyggð (RVK)

Bakgrunnsgreining		Mjög ósammála %	Frekar ósammála %	Hvorki né %	Frekar sammála %	Mjög sammála %	Fjöldi N	Meðaltal
	Fjöldi	12,4%	22,9%	18,6%	33,3%	12,7%	306	3,1
Kyn *	Karl	11,2%	19,4%	16,4%	38,1%	14,9%	134	3,3
	Kona	13,4%	25,6%	20,3%	29,7%	11,0%	172	3,0
Aldur	18 - 29 ára	25,0%	18,8%	37,5%	18,8%	0,0%	16	2,5
	30 - 44 ára	12,5%	22,5%	23,8%	23,8%	17,5%	80	3,1
	45 - 59 ára	16,5%	21,5%	15,2%	32,9%	13,9%	79	3,1
	60 ára og eldri	8,4%	24,4%	15,3%	41,2%	10,7%	131	3,2
Menntun	Grunnskólanám eða minna	12,9%	19,4%	16,1%	29,0%	22,6%	31	3,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	11,9%	20,9%	16,4%	37,3%	13,4%	67	3,2
	Annað starfsnám	12,0%	24,0%	20,0%	36,0%	8,0%	25	3,0
	Háskólapróf	12,9%	23,0%	20,2%	32,0%	11,8%	178	3,1
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	14,2%	21,3%	21,9%	32,0%	10,7%	169	3,0
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	12,5%	17,5%	20,0%	32,5%	17,5%	40	3,3
	Á eftirlaunum	7,0%	26,8%	14,1%	39,4%	12,7%	71	3,2
	Annað	16,0%	28,0%	8,0%	28,0%	20,0%	25	3,1
Starfar þú við ferðabjónustu? *	Já	6,1%	18,2%	12,1%	45,5%	18,2%	33	3,5
	Nei	13,2%	23,4%	19,4%	31,9%	12,1%	273	3,1

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	38	11,8%	12,4%
Frekar ósammála	70	21,7%	22,9%
Hvorki né	57	17,7%	18,6%
Frekar sammála	102	31,7%	33,3%
Mjög sammála	39	12,1%	12,7%
Gild svör	306	95,0%	100,0%
Gildir svarendur	306	95,0%	
Veit ekki	14	4,3%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	2	0,6%	
Heildarfjöldi	322	100,0%	

Tafla 6: Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónáði af komum skemmtiferðaskipa (RVK)

Bakgrunnsgreining		Mjög ósammála %	Frekar ósammála %	Hvorki né %	Frekar sammála %	Mjög sammála %	Fjöldi N	Meðaltal
	Fjöldi	13,4%	46,7%	15,0%	19,9%	4,9%	306	2,6
Kyn	Karl	16,4%	46,3%	15,7%	18,7%	3,0%	134	2,5
	Kona	11,0%	47,1%	14,5%	20,9%	6,4%	172	2,6
Aldur	18 - 29 ára	5,6%	61,1%	11,1%	22,2%	0,0%	18	2,5
	30 - 44 ára	13,9%	34,2%	24,1%	22,8%	5,1%	79	2,7
	45 - 59 ára	12,8%	48,7%	16,7%	17,9%	3,8%	78	2,5
	60 ára og eldri	14,5%	51,1%	9,2%	19,1%	6,1%	131	2,5
Menntun *	Grunnskólanám eða minna	32,3%	48,4%	3,2%	16,1%	0,0%	31	2,0
	Stúdentspróf eða iðnnám	22,1%	39,7%	16,2%	16,2%	5,9%	68	2,4
	Annað starfsnám	8,3%	58,3%	8,3%	20,8%	4,2%	24	2,5
	Háskólapróf	7,4%	47,2%	18,2%	21,6%	5,7%	176	2,7
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	13,8%	47,3%	14,4%	19,2%	5,4%	167	2,6
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	15,4%	41,0%	25,6%	17,9%	0,0%	39	2,5
	Á eftirlaunum	12,7%	47,9%	11,3%	21,1%	7,0%	71	2,6
	Annað	7,4%	48,1%	14,8%	25,9%	3,7%	27	2,7
Starfar þú við ferðabjónustu? *	Já	30,3%	39,4%	15,2%	12,1%	3,0%	33	2,2
	Nei	11,4%	47,6%	15,0%	20,9%	5,1%	273	2,6

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tíðnitafli	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	41	12,7%	13,4%
Frekar ósammála	143	44,4%	46,7%
Hvorki né	46	14,3%	15,0%
Frekar sammála	61	18,9%	19,9%
Mjög sammála	15	4,7%	4,9%
Gild svör	306	95,0%	100,0%
Gildir svarendur	306	95,0%	
Veit ekki	15	4,7%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svörðuðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	322	100,0%	

Tafla 7: Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn (RVK)

Bakgrunnsgreining		Mjög ósammála %	Frekar ósammála %	Hvorki né %	Frekar sammála %	Mjög sammála %	Fjöldi N	Meðaltal
	Fjöldi	35,8%	35,8%	9,6%	11,2%	7,7%	313	2,2
Kyn	Karl	39,7%	36,0%	8,8%	9,6%	5,9%	136	2,1
	Kona	32,8%	35,6%	10,2%	12,4%	9,0%	177	2,3
Aldur *	18 - 29 ára	42,1%	31,6%	10,5%	5,3%	10,5%	19	2,1
	30 - 44 ára	42,7%	31,7%	11,0%	9,8%	4,9%	82	2,0
	45 - 59 ára	39,2%	40,5%	7,6%	7,6%	5,1%	79	2,0
	60 ára og eldri	28,6%	36,1%	9,8%	15,0%	10,5%	133	2,4
Menntun	Grunnskólanám eða minna	35,5%	38,7%	3,2%	9,7%	12,9%	31	2,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	35,2%	38,0%	7,0%	9,9%	9,9%	71	2,2
	Annað starfsnám	29,2%	41,7%	4,2%	16,7%	8,3%	24	2,3
	Háskólapróf	37,8%	32,2%	12,2%	11,7%	6,1%	180	2,2
Staða á vinnumarkaði *	Í launuðu starfi	38,4%	36,0%	8,7%	10,5%	6,4%	172	2,1
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	38,1%	40,5%	9,5%	9,5%	2,4%	42	2,0
	Á eftirlaunum	26,8%	33,8%	8,5%	16,9%	14,1%	71	2,6
	Annað	38,5%	30,8%	19,2%	3,8%	7,7%	26	2,1
Starfar þú við ferðabjónustu? *	Já	33,3%	54,5%	3,0%	6,1%	3,0%	33	1,9
	Nei	36,1%	33,6%	10,4%	11,8%	8,2%	280	2,2

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tíðnitafli	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	112	34,8%	35,8%
Frekar ósammála	112	34,8%	35,8%
Hvorki né	30	9,3%	9,6%
Frekar sammála	35	10,9%	11,2%
Mjög sammála	24	7,5%	7,7%
Gild svör	313	97,2%	100,0%
Gildir svarendur	313	97,2%	
Veit ekki	3	0,9%	
Vil ekki svara	2	0,6%	
Svörðuðu ekki	4	1,2%	
Heildarfjöldi	322	100,0%	

Tafla 8: Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi (RVK)

Bakgrunnsgreining		Mjög	Frekar	Frekar	Mjög	Fjöldi	Meðaltal	
		ósammála %	ósammála %	Hvorki né %	sammála %			sammála %
	Fjöldi	5,7%	19,0%	17,8%	40,1%	17,4%	247	3,4
Kyn *	Karl	7,8%	22,3%	22,3%	34,0%	13,6%	103	3,2
	Kona	4,2%	16,7%	14,6%	44,4%	20,1%	144	3,6
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	21,4%	35,7%	35,7%	7,1%	14	3,3
	30 - 44 ára	6,3%	17,2%	25,0%	35,9%	15,6%	64	3,4
	45 - 59 ára	7,6%	25,8%	12,1%	37,9%	16,7%	66	3,3
	60 ára og eldri	4,9%	15,5%	14,6%	44,7%	20,4%	103	3,6
Menntun	Grunnskólanám eða minna	8,3%	25,0%	12,5%	33,3%	20,8%	24	3,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	3,8%	11,5%	26,9%	44,2%	13,5%	52	3,5
	Annað starfsnám	12,5%	12,5%	8,3%	50,0%	16,7%	24	3,5
	Háskólapróf	4,2%	22,4%	16,8%	37,8%	18,9%	143	3,4
Staða á vinnumarkaði *	Í launuðu starfi	5,1%	20,3%	21,0%	38,4%	15,2%	138	3,4
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	5,9%	23,5%	14,7%	32,4%	23,5%	34	3,4
	Á eftirlaunum	3,7%	9,3%	13,0%	53,7%	20,4%	54	3,8
	Annað	15,0%	30,0%	10,0%	30,0%	15,0%	20	3,0
Starfar þú við ferðabjónustu? *	Já	23,3%	26,7%	10,0%	26,7%	13,3%	30	2,8
	Nei	3,2%	18,0%	18,9%	41,9%	18,0%	217	3,5

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

## Tíðnitafli

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	14	4,3%	5,7%
Frekar ósammála	47	14,6%	19,0%
Hvorki né	44	13,7%	17,8%
Frekar sammála	99	30,7%	40,1%
Mjög sammála	43	13,4%	17,4%
Gild svör	247	76,7%	100,0%
Gildir svarendur	247	76,7%	
Veit ekki	74	23,0%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svörðuðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	322	100,0%	

Tafla 9: Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð (RVK)

Bakgrunnsgreining		Mjög	Frekar	Frekar	Mjög	Fjöldi	Meðaltal	
		ósammála %	ósammála %	Hvorki né %	sammála %			sammála %
	Fjöldi	43,0%	23,4%	21,2%	7,6%	4,7%	316	2,1
Kyn **	Karl	37,2%	20,4%	24,1%	13,1%	5,1%	137	2,3
	Kona	47,5%	25,7%	19,0%	3,4%	4,5%	179	1,9
Aldur	18 - 29 ára	31,6%	21,1%	36,8%	10,5%	0,0%	19	2,3
	30 - 44 ára	45,1%	17,1%	24,4%	7,3%	6,1%	82	2,1
	45 - 59 ára	40,0%	26,3%	21,3%	7,5%	5,0%	80	2,1
	60 ára og eldri	45,2%	25,9%	17,0%	7,4%	4,4%	135	2,0
Menntun *	Grunnskólanám eða minna	32,3%	22,6%	22,6%	9,7%	12,9%	31	2,5
	Stúdentspróf eða iðnnám	37,5%	22,2%	23,6%	6,9%	9,7%	72	2,3
	Annað starfsnám	37,5%	33,3%	16,7%	12,5%	0,0%	24	2,0
	Háskólapróf	48,4%	22,5%	20,9%	6,6%	1,6%	182	1,9
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	41,9%	23,3%	23,8%	8,1%	2,9%	172	2,1
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	42,9%	23,8%	16,7%	9,5%	7,1%	42	2,1
	Á eftirlaunum	43,8%	28,8%	15,1%	6,8%	5,5%	73	2,0
	Annað	48,1%	11,1%	29,6%	3,7%	7,4%	27	2,1
Starfar þú við ferðabjónustu? *	Já	31,4%	17,1%	37,1%	5,7%	8,6%	35	2,4
	Nei	44,5%	24,2%	19,2%	7,8%	4,3%	281	2,0

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

## Tíðnitafli

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	136	42,2%	43,0%
Frekar ósammála	74	23,0%	23,4%
Hvorki né	67	20,8%	21,2%
Frekar sammála	24	7,5%	7,6%
Mjög sammála	15	4,7%	4,7%
Gild svör	316	98,1%	100,0%
Gildir svarendur	316	98,1%	
Veit ekki	5	1,6%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svörðuðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	322	100,0%	

## Viðauki 3: Niðurstöður könnunar á Akureyri: Bakgrunnsgreining

Tafla 10: Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum (AEY)

Bakgrunnsgreining		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	
	Fjöldi	4,4%	12,6%	10,9%	53,8%	18,2%	340	3,7
Kyn ***	Karl	4,0%	8,6%	7,4%	54,9%	25,1%	175	3,9
	Kona	4,8%	17,0%	14,5%	52,7%	10,9%	165	3,5
Aldur *	18 - 29 ára	3,8%	11,5%	23,1%	50,0%	11,5%	26	3,5
	30 - 44 ára	7,2%	18,8%	13,0%	49,3%	11,6%	69	3,4
	45 - 59 ára	3,0%	10,9%	10,9%	63,4%	11,9%	101	3,7
	60 ára og eldri	4,2%	11,1%	7,6%	50,0%	27,1%	144	3,8
